

Minnisblað

Efni: Einstaklingsbundnir samningar um laun ríkisstarfsmanna.

Til: Efnahags- og skattanefndar

Frá: Starfsmannaskrifstofu

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir:

„Starfsmenn eiga rétt á launum fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. 39. gr., eða samkvæmt kjarasamningum, sbr. 47. gr.“

Ekki er því heimilt samkvæmt lögnum að greiða laun samkvæmt einstaklingsbundnum samningum.

Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er fjallað um svokallaða ráðherraröðun en þar segir:

„Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitastjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi.“

Samkvæmt framansögðu er því ekki heimild til að ákveða laun ríkisstarfsmanna með einstaklingsbundnum samningum. Þau ber að ákveða með kjarasamningum eða ávörðun kjararáðs, sbr. 9. gr. laga nr. 70/1996. Til að hægt sé að semja um laun starfsmanna með einstaklingsbundnum samningum þarf því að breyta starfsmannalögum. Ákvörðun um einstaklingsbundna samninga, ef þeir yrðu heimilaðir, væri síðan stjórnvaldsákvörðun sem félli undir málsmeðferðarreglur stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

